

Norðurlönd, tungumál þeirra og menning í námsgögnum¹

Við eigum að læra um Norðurlönd í skólanum. Það hafa Norðurlöndin fyrir löngu sammælt um, og í Helsinkisáttmálanum frá 1962 segir: „Fræðsla og menntun í skólum í sérhverju Norðurlandanna skal í hæfilegum mæli taka til fræðslu í tungumálum og um menningu og almennt þjóðfélagsástand á hinum Norðurlöndunum, þar með töldum Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi“². Frá því að sáttmálinn var undirritaður hefur þessi viljayfirlýsing verið áréttuð í ýmsum norrænum samþykktum. Tilgangur Helsinkisáttmálans og síðari skjalfestra viljayfirlýsinga undirstrikar þá kennslufræðilegu sýn sem birtist meðal annars í námskrám landanna, auk þess sem útgáfa ýmissa námsgagna til tungumálakennslu gefur vísbendingar um hvað þykja heppileg námsgögn.

Í þessari grein ætla ég að lýsa áhersluatriðum úr rannsóknarverkefni sem ég hef tekið þátt í. Það var styrkt af Nordisk Ministerråd (Risager, 2022). Í verkefninu var skoðað hvernig Norðurlöndin eru kynnt í völdum námsgögnum: Íslenska efnið er óstaðsett og gæti með sínum tilbúnu persónum verið ættað hvaðan sem er úr hinum vestræna heimi, finnska efnið minnir nokkuð á ferðamannabækling, og í færeyskum skólum nota nemendur kennslugögn sem samin eru til móðurmálkennslu í Danmörku.

1 Greinin birtist upphaflega í desember 2022 á <https://www.videnomlaesning.dk/viden-og-vaerktoejer/forskerklummen/2022/skal-vi-undervise-i-norden/>

2 Norræna ráðherranefndin og Norðurlandaráð 2018, grein 8.

1. Tungumál í ólíkum búningi

Tungumálakennsla á Norðurlöndum dregur fram fjölbreyttar birtingarmyndir af tungumálum og skyldleika þeirra á milli. Tungumálin geta tekið á sig mynd sem móðurmál, erlent mál, annað mál, fyrsta mál, grannmál og fleytitunga (d. *transitsprog*). Allt eru þetta hugtök sem hafa breytilega merkingu sem háð er samhengi hverju sinni. Móðurmál má skilja sem það (eða þau) tungumál sem einstaklingur lærir fyrst (upprunaviðmið), það tungumál sem fólk samsamar sig við eða er samsamað með (samsömunarviðmið), það tungumál sem einstaklingur hefur mest vald á (hæfniviðmið) eða það tungumál sem mest er notað (notkunarviðmið).

Fyrsta mál (L1) er oft hið sama og móðurmál samkvæmt upprunaviðmiði, en þarf ekki að vera hið sama samkvæmt samsömunarviðmiði. Hvort tungumál er erlent eða annað mál er spurning um notkun í og utan skólaumhverfis. Erlent mál er yfirleitt tungumál sem kennt er án þess að það sé hluti af málumhverfi samfélagsins. Umdeilanlegt er hvort enska eigi að skoðast sem erlent eða annað mál á Norðurlöndunum, þar sem hún er í raun nógu útbreidd til að fá stöðu annars máls.

Þegar færð eru rök fyrir því að Íslendingar læri dönsku (eða norsku/sænsku) er það gert á grunni þess að litið er á tungumálin sem tengingu við sögulega þekkingu fyrr og nú og nútíma samfélagsgerð sem, auk menntunargildis, veitir aðgengi að t.d. vinnumarkaði og menntun í Skandinavíu. Í þeirri merkingu verða skandinavísku tungumálin fleytitungur (d. *transitsprog*), þ.e. tungumál sem auðveldar aðgengi að þjóðum og samfélögum. Íslenska og færeyska eru vestnorræn tungumál sem líta má á sem fyrsta mál og grannmál (frændamál), á sama hátt og skandinavísku tungumálin danska, norska og sænska eru hvert annars grannmál. Reynt var að greina flækjustig (d. *kompleksitet*) þeirra hlutverka sem tungumálin gegna og þar með hvaða hlutverk tungumálakennslan verði að tækla.

Danska er bæði erlent mál og fleytimál á Íslandi, en er danska erlent mál eða annað mál í Færeyjum? Þar þróast danskan frá því að vera annað mál yfir í að verða erlent mál, og þar með líka fleytimál. Finnland hefur tvö opinber tungumál, finnsku og sænsku. Sænska er viðurkennd sem minnihlutamál og menntakerfið kemur til móts við það með kennslu í tungumálinu sem móðurmáli, og/eða fyrsta máli,

en að auki er sænska kennd sem erlent mál og annað mál. Enn fremur gegnir sænska hlutverki sem fleytimál yfir til grannmálanna dönsku og norsku. Öll norrænu tungumálin hafa einnig hlutverk sem annað mál fyrir þau sem ekki hafa norrænt fjölskyldubakland, því þar eru minnihlutamóðurmálin ekki norræn tungumál.

2. Námskrár til kennslu í dönsku og sænsku

Tungumálakennsla í Danmörku, Íslandi, Færeyjum og Finnlandi fylgir opinberum námskrám (t.d. lögum um skóla og námskrá). Erfitt er að bera saman námskrár fyrir tungumál á Norðurlöndum, því þær eru ólíkar í framsetningu, umfangi, hversu ítarlegar þær eru, sem og hvernig áherslur eru milli fyrir mæla annars vegar og leiðbeininga hinsvegar.

Í grunnskólum Danmerkur skal uppfylla markmið í dönsku-kennslu á eftirfarandi hátt: „Í námsgreininni dönsku eiga nemendur að kynna skandinavísku málunum og hinu norræna menningarsamfélagi“ (grein 3). Skil eru gerð milli tungumáls og menningar í fyrstu með áherslu á hlustun og tal og síðan læsi). Hvergi í hinum bindandi ákvæðum er þó nánar tilgreint hvað felst í hugtakinu „hið norræna samfélag“.

Í íslensku námskránni er notað hugtakið „menningarlæsi“ (d. *kulturliteracy*), sem bæði tekur til tungumáls og menningar. Sömu ákvæði gilda fyrir erlendu tungumálin ensku og dönsku (norsku/sænsku). Í færeyskum lögum um skóla á að læra dönsku (vel og rækilega) á grundvelli markmiða móðurmálstileinkunar. Áður fyrr tilgreindi námskráin að kenna skyldi dönsku frá 1. bekk (7 ára), en frá árinu 2022 hefur dönskukennsla hafist í 3. bekk og haldið áfram út grunnskólann. Danska er ekki lengur skyldunámsgrein á framhaldsskólastigi þótt námsgögn séu á dönsku og ætluð til kennslu í Danmörku. Námsgreinin danska er því í þróun frá því að vera annað mál yfir í að verða erlent mál.

Í tungumálakennslu í Finnlandi er greint á milli A og B tungumála þar sem einkum er lögð áhersla á munnlega færni. Kennsla í A-tungumáli hefst í 3. bekk (9 ára), B-tungumál í 6. bekk (12 ára). Um það bil 90% af nemendum velja ensku sem A-tungumál og

sænsku sem B-tungumál. Auk tungumálsins eiga nemendur að kynnast menningu annarra Norðurlanda, sænska hluta Finnlands, Svíþjóðar og hinum Norðurlöndunum.

3. Blind sjónarhorn í námsgögnunum sem rannsökuð voru

Hvernig hefur svo til tekist að innleiða inntak Helsinkisáttmálans í námsgögnin sem skoðuð voru? Sjónum hefur ekki verið beint að innri fjölbreytni tungumála og menningar innan norrænu þjóðanna og heldur ekki að Norðurlöndunum sem heildar eða svæðis með ýmis sameiginleg einkenni (d. *identitetsmarkører*), ef miðað er við heiminn utan Norðurlanda.

Tungumál innflytjenda eru ekki nefnd í neinu af þeim námsgögnum sem til athugunar voru.

Ekkert námsgagnanna vekur t.d. athygli á því að Álandseyjar, rúmlega 6000 eyjar, þar sem íbúarnir tala aðallega sænsku, eru hluti af lýðveldinu Finnlandi, en hafa sjálfstjórnarþing með eigin löggjafarvaldi og eru því í raun sérstök þjóð.

Bæði Færeyjar og Grænland eiga sögulega arfleifð sem danskar nýlendur, en efni um þau tengsl hafa ekki ratað inn í þau námsgögn í dönsku sem greind voru, sem að öðrum kosti gæti aukið skilning á stöðu tungumálanna (færeysku og grænlensku) í dag.

Í Færeyjum eru notuð dönsk námsgögn til dönskukennslu sem ætluð eru móðurmálskennslu danskra nemenda í Danmörku og bera því glögglega vitni, enda hvergi minnst á færeyska tungu, menningu eða samfélag í þessum námsgögnum.

Fjölbreytni varðandi tungu og menningu er nánast ekki fyrir hendi í íslensku námsgögnunum sem ætluð eru til dönskukennslu, og eru því vanhöld á að nýta og miðla dönsku (norsku/sænsku) sem fleytimáli í skandinavísku samhengi. Íslensku textarnir eru óstaðsettir í rúmi, þ.e. þeir gætu átt sér stað hvar sem er í hinum vestræna heimi. Það er í andstöðu við finnska námsefnið sem inniheldur kerfisbundnar og tiltölulega gagnlegar upplýsingar um landafræði, náttúru, áhugaverða staði, matarhefðir og ýmsar frægar persónur. Í

finnska námsefninu eru gefin dæmi um orð, orðtök og textabrot á dönsku, íslensku, norsku og samísku. Færeyska og grænlenka eru nefnd en tungumálin og löndin tvö fá hvort um sig umfjöllun um sín sérstöku einkenni sem minnir helst á upplýsingar ætlaðar ferðamönnum og bera keim af staðlaðri framsetningu. Sjónarhorn danska námsefnisins, sem er skáldsaga og ekki eiginlegt námsefni, er Danmörk séð utan frá með augum ungs hælisleitanda. Reglurnar sem gefa „aðgang að Danmörku“ beina athyglinni að kafaískum lögum sem gilda um flóttamannapólitíkina í Danmörku. Hvernig Norðurlöndin birtast í dönsku námsefni er ekki til umfjöllunar í þessum hluta verkefnisins.

4. Ný hugsun, ný þróun

Ef niðurstöður greininga í rannsókninni eru dæmigerðar fyrir námsgögn á Norðurlöndum má slá því föstu að þær mæti alls ekki væntingum Helsinkisáttálans frá 1962 um miðlun tungumála, menningar og samfélaga á Norðurlöndum. Það er fjarri því að markmiðin séu í sjónmáli. Skortur á fjölbreytileika í tungumála- og menningarlegu tilliti í norrænum námsgögnum veikir innsýn og þátttöku í norrænu samstarfi. Löndin fimm og sjálfstjórnarsvæðin þrjú eiga sameiginlega sögu, menningu, samfélagsgerð, stjórnarfar og að vissu leyti tungumál. Löndin eru auðugri vegna tilflutnings fólks frá öllum heimshlutum sem í senn auðgar og ögrar norræna velferðarkerfinu. Þessi staða gæti svo hæglega verið stökkpallur fyrir námsgagnaframleiðslu.

Í rannsóknarverkefninu (Risager (red.) 2022, s. 201) bendum við á þrenns konar nálgun á nýrri hugsun og nýrri þróun: 1) að fjalla um Norðurlönd sem eitt svæði; 2) að varpa ljósi á tungumála- og menningarlega fjölbreytni á Norðurlöndum; 3) að hvetja nemendur til að taka virkan þátt sem borgarar í eigin landi, á Norðurlöndum og í umheiminum. Þessum hugmyndum er hér varpað fram til að veita innblástur.

Mælt með til áframbaldandi lestrar

Nordisk Ministerråd og Nordisk Råd (2018). *Helsingforsaftalen. Samarbejdsoverenskomst mellem Danmark, Finland, Island, Norge og Sverige*. <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1250811/FULLTEXT01.pdf>

Karen Risager (red.) (2022). *Sproglig og kulturel mangfoldighed i læremidler til sprogundervisning i Norden. Dansk og svensk som fremmedsprog, andetsprog, førstesprog, nabosprog og transitsprog*. Reykjavík: Islands Universitet, Vigdís Finnbogadóttir Institut. Í bókinni eru greinar eftir Pál Isholm; Bergþóru Kristjánsdóttur; Eeva-Liisa Nyqvist; Þórhildi Oddsdóttur; Olly Poulsen; Brynhildi Önnu Ragnarsdóttur; og ritstjórnann Karen Risager. Bókina má sækja á <https://vigdis.hi.is/wp-content/uploads/2022/11/sprogligt-rafr.pdf>

*Þýtt úr dönsku: Þórhildur Oddsdóttir og
Brynhildur Anna Ragnarsdóttir*